

MÍÐSVÆÐI OG AÐLIGGJANDI SVÆÐI UMHVERFISSKÝRSLA

FYLGISKJAL MEÐ TILLÖGU AÐ
BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI ÁLFTANESS 2005-2024:
MÍÐSVÆÐI OG AÐLIGGJANDI SVÆÐI
DAGS. 3.DESEMBER 2007

MÍÐSVÆÐI OG AÐLIGGJANDI SVÆÐI**UMHVERFISSKÝRSLA MEÐ TILLÖGU AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI
ÁLFTANES DAGS. 5. NÓVEMBER 2007**

VERKNÚMÉR: 2007.0211

DAGS: 2007-12-03

VERKHLUTI: 6

GR NR.:

UNNIÐ FYRIR: Álftanes

VERKEFNISSTJÓRI: Ólafur Erlingsson

HÖFUNDUR: Arnór Þórir Sigfússon og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir

YFIRFARIÐ: ÞG

DREIFING: Álftanes

SAMANTEKT:

Sveitarfélagið Álftanes vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi Álftanes 2005-2024 á svæðum í nágrenni miðsvæðisins á Álftanesi. Er tillagan unnin samhliða vinnu við deiliskipulag á miðsvæði Álftaness sem kallar á hluta af þeim breytingum sem ráðgerðar eru. Breytingin er matsskyld skv. lögum nr. 105/2006 og er greint frá umhverfisáhrifum breytingarinnar í þessari greinargerð.

Umhverfisáhrif tillögu að breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2004-2025 eru bæði jákvæð og neikvæð.

Helstu líkleg neikvæð áhrif aðgerða í skipulagsáætluninni eru vegna hljóðvistar við Norðurnesveg. Til að koma til móts við þessi mögulegu áhrif skal grípa til mótvægisáðgerða í vinnu við deiliskipulag ef niðurstöður hljóðreikninga benda til að hljóðvist haldist ekki innan marka. Umfang áhrifa er því háð tilhögun byggðar á miðsvæði í nágrenni Norðurnesvegjar og mögulegra hljóðvarna þar.

Neikvæð áhrif á aðra þætti greindust ekki í umhverfismatinu. Fjöldi jákvæðra áhrifa hafa verið skilgreind í matsvinnunni og þá sérstaklega á umferðaröryggi.

Í heildarniðurstöðu matsvinnu vegur þyngst fjöldi líklegra jákvæðra umhverfisáhrifa og að stefnt er að mótvægisáðgerðum til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum á hljóðvist. Það er því niðurstaða matsvinnu við tillögu að breyting á aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sé ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum samanber lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
1 Inngangur	2
2 Skoðun á umhverfispáttum	4
2.1 Samgöngur.....	4
2.1.1 Helstu áhrif	4
2.1.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun.....	6
2.1.3 Valkostir	6
2.1.4 Niðurstaða mats	6
2.2 Heilsa og öryggi.....	6
2.3 Byggð.....	7
2.4 Neysluvatn/grunnvatn.....	7
2.5 Ásýnd svæðisins /landslag og svæði sem njóta verndar.....	7
3 Samræmi breytingarinnar við framtíðarsýn og meginmarkmið núgildandi aðalskipulags	8
4 Samræmi breytingarinnar við umhverfisstefnu sveitarfélagsins, stefnu þess um sjálfbæra þróun og Staðardagskrá 21 og önnur umhverfismarkmiðum/vottun sem stefnt er að	9
4.1 Green Globe umhverfismerkið.....	9
5 Kynning umhverfisskýrslu	10
6 Heildarniðurstaða	11

1 Inngangur

Sveitarfélagið Álftanes vinnur nú að breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2004-2024 á svæðum í nágrenni miðsvæðisins á Álftanesi. Er tillagan unnin samhliða vinnu við deiliskipulag á miðsvæði Álftanes sem kallar á hluta af þeim breytingum sem ráðgerðar eru. Breytingin er matsskyld skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og er greint frá umhverfisáhrifum breytingarinnar í þessari greinargerð.

Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulaginu felast í eftirfarandi:

Breyting á staðfestum landnotkunaruppdrætti.

- Lega Norðurnesvegur og Suðurnesvegur á svæðinu breytist. Norðvesturvegur færast til austurs frá gatnamótum Álftanesvegur að innkeyrslu að Asparvík. Suðurnesvegur færast til suðurs við gatnamót Höfðabrautar.
- Miðsvæði sveitarfélagsins, blönduð byggð miðsvæðis og íbúðarsvæðis stækkar til vesturs, norðurs og austurs. Opið svæði austan við miðsvæði minnkar og opið svæði norðan við miðsvæði fer allt undir blandaða landnotkun. Til vesturs stækkar reiturinn inn á opið svæði til sérstakra nota L3. Einnig stækkar miðbæjarsvæði til norðurs aðeins inn stofnanareit. Miðsvæði er samkvæmt gildandi skipulagi 12.3 ha en verður 15.7 ha.
- Íbúðarsvæði við Sviðholt norðan Suðurnesvegur, vestur af blandaðri byggð tengist blandaðri byggð á miðsvæði. Svæðið minnkar. Íbúðarsvæðið er 3.1 ha samkvæmt gildandi aðalskipulagi en verður 2.7 ha.
- Stofnanasvæði við skóla breytist, svæðið stækkar til norðvesturs við það minnkar L1 opið svæði til sérstakra nota. Til suðurs minnkar svæðið þar sem miðsvæði tekur smá hluta af því. Svæðið er 5.1 ha en verður 5.3 ha.
- Nýtt íbúðarsvæði kemur austan við Suðurtún við það minnkar opið svæði við Norðurnesveg. Svæðið er 0.8 ha.
- Opið svæði til sérstakra nota, sem áður var auðkennt sem L3 en er nú L4 sunnan við íbúðarsvæði breytir um lögun og stækkar til vesturs. Svæðið breytist L4, þar sem L3 er í staðfestu aðalskipulagi skilgreint sem leiksvæði. Svæðið var 1.9 ha en verður 2.4 ha.
- Aðalstígur sem tengir saman miðsvæðið beggja vegna Suðurnesvegur fer um undirgöng undir Suðurnesveg. Þessi stígur er nú sýndur þannig að hann fari í gegnum miðsvæði til norðurs, en var ekki sýndur þannig á gildandi aðalskipulagi.
- Lega reiðstíga breytist við Suðurnesveg. Í stað þess að fylgja Suðurnesvegi að gatnamótum Álftanesvegur, fer hann á milli Kirkjubrúar og miðsvæðis að Álftanesvegi. Er það gert vegna þess að ekki talið heppilegt að reiðstígurinn fari í gegnum miðsvæðið.
- Nýr aðalstígur liggur frá Breiðumýri að skóla- og íþróttasvæði norðan við íþróttahús.

Breyting á staðfestri greinargerð.

Stefnumörkun og skipulagsákvæði grein 2.3.2 Leiðir

Málgrein var fyrir breytingu:

Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýtingarhlutfalli lóða á svæðinu:

Rað- og parhús	0.25-0.60
Fjölbýlishús	0.40-0.80
Lóðir þjónustustofnana með eða án íbúða:	0.66-1.20.

Málgrein eftir breytingu:

Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýtingarhlutfalli lóða á svæðinu:

Rað- og parhús	0.25-0.70
Fjölbýlishús	0.40-0.80
Lóðir þjónustustofnana með eða án íbúða:	0.66-2.50.

Lagt hefur verið mat á hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið verði lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Við þessa vinsun var haft samráð við Skipulagsstofnun og lagt til að sjónum yrði einkum beint að samræmi breytingarinnar við framtíðarsýn og meginmarkmið núgildandi aðalskipulags (sjá kafla 3). Þá var talið rétt að fjalla sérstaklega um áhrif tillögunnar á samgöngur, heilsu og öryggi, byggð, neysluvatn/grunnvatn, ásýnd svæðisins (landslag) og svæði sem njóta verndar (sjá kafla 2).

Við vinnslu aðalskipulags Álftaness 2005-2024 var unnin ítarleg umhverfisskýrsla. Niðurstaða þess mats var að umhverfisáhrif skipulagsins væru bæði jákvæð og neikvæð. Helstu líklegu neikvæðu áhrifin voru þríþætt og snéru að náttúrufari og landslagi á Álftanesi. Í fyrsta lagi var talað um mögulega röskun lands vegna byggingar golfvallar, í öðru lagi yrðu möguleg neikvæð áhrif vegna byggingar smábátahafnar og hesthúsabyggðar á Breiðabólssstaðaeyri og í þriðja lagi kom fram að landslag og ásýnd sveitarfélagsins komi til með að breytast með aukinni byggð en óvissa var um umfang og áþreifanleika þeirrar breytingar. Tvö fyrrnefndu atriðin koma ekki til umræðu í tengslum við þá breytingu sem nú er til umfjöllunar en það þriðja á við þá tillögu sem nú er lögð fram og verður fjallað nánar um um landslag og ásýnd sveitarfélagsins í kafla 2.5.

Í fyrri umhverfisskýrslu er svo ritað:

Í þriðja lagi hefur í matsvinnunni komið fram að landslag og ásýnd sveitarfélagsins komi til með breytast með aukinni byggð en óvissa er um umfang og áþreifanleika þessara breytingar. Sveitarstjórn mun stýra uppbyggingu byggðar með því markmiði að viðhalda núverandi sérstöðu og upplifun sveitarfélagsins sem byggð í miklum tengslum við náttúru og útivistarsvæði. Á deiliskipulagsstigi verður mögulegt að stýra betur útliti byggðar frekar en á aðalskipulagsstigi. Aðalskipulagið markar hins vegar þá stefnu að vernda þessa sérstöðu sveitarfélagsins.¹

Þær breytingar sem nú eru kynntar eru það litlar að þær hafa ekki áhrif á heildarniðurstöðu fyrra umhverfismats. Hins vegar er tekið undir og það áréttað að á deiliskipulagsstigi sé mögulegt að stýra betur útliti byggðar frekar en á aðalskipulagsstigi og að aðalskipulagið markar áfram þá stefnu að vernda sérstöðu og upplifun sveitarfélagsins sem byggð í miklum tengslum við náttúru og útivistarsvæði. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir fjölgun íbúða.

Margskonar jákvæð áhrif voru skilgreind í umhverfismati aðalskipulags Álftaness 2005-2024 (sjá skýrslu) og á heildina litið benti stefnumótun aðalskipulagsins til þess að staða Álftaness sem búsetukosts styrktist í framtíðinni. Í fyrri umhverfisskýrslu er svo ritað:

Hér er fyrst og fremst horft á framtíðarmöguleika sem geta skapast í atvinnulífi, styrkingu samfélagsþjónustu og bættri aðstöðu fyrir félagslíf og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Einnig má nefna fjölbreytta og vel aðgengilega útivistarmöguleika. Til þess að viðhalda og vernda náttúrufar í sveitarfélaginu hafa stór svæði verið afmörkuð sem friðlýst svæði, svæði á Náttúruminjaskrá og hverfisvernduð svæði, einkum tjarnir og svæði meðfram ströndu.²

Heildarniðurstaða matsins var að aðalskipulag Álftaness 2005-2024 væri ekki líklegt til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum sbr. 1.gr. tilskipunar EB 42/2001 um umhverfismat áætlana. Í eftirfarandi umhverfisskýrslu er komist að sömu niðurstöðu, að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sé ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

¹ Aðalskipulag Álftaness 2005-2024


² Sama

2 Skoðun á umhverfispáttum


Í samráði við Skipulagsstofnun var metið að rétt væri að fjalla sérstaklega um áhrif tillögunnar á samgöngur, heilsu og öryggi, byggð, neysluvatn/grunnvatn, ásýnd svæðisins (landslag) og svæði sem njóta verndar.

2.1 Samgöngur

Í tillögunni Norðurnesvegi og Suðurnesvegi hliðrað um allt að 20 metra á afmörkuðu svæði austan og norðan miðsvæðis. Felld er niður tenging frá Suðurnesvegi inn Breiðumýri en þess í stað sett tenging frá Norðurnesvegi inn á miðsvæði. Er fjallað nánar um þetta í kafla 2.1.1 og sýnt á mynd hér til hliðar.



Við Höfðabraut er Suðurnesvegi hliðrað nálægt gangamótunum eins og sýnt er hér til hliðar.



Lega reiðstíga er lítillega breytt og nýr aðalstígur er settur inn frá Breiðumýri að skóla- og íþróttasvæði norðan við íþróttahús.

2.1.1 Helstu áhrif

Helstu líkleg áhrif tillögunnar á samgöngur verða á umferð, umferðaröryggi, aðgengi að þjónustu og verslun og hljóðvist.

Helsta breyting á gatnakerfi sveitarfélagsins í tillögu að breytingu á aðalskipulagi frá 2005 sem nú er til umfjöllunar er niðurfelling á tengingu frá Suðurnesvegi inn Breiðumýri og gerð nýrrar tengingar inn á miðsvæðið frá Norðurnesvegi. Er gert ráð fyrir að umferðin sem áður fór um Breiðumýri dreifist á nýja tengingu (skólavegur) og tengingu sem var fyrir á aðalskipulagi frá Suðurnesvegi (aðalgata) inn á miðsvæðið. Reikna má með að umferð aukist um Norðurnesveg við þessa breytingu. Niðurfelling tengingar við Breiðumýri frá Suðurnesvegi kemur í veg fyrir beina norður-suður tengingu sem er kostur auk þess sem tengingum á Suðurnesvegi með stuttu millibili fækkar sem stuðlar að auknu umferðaröryggi. Þá styrkir tillagan



austur-vestur gönguleiðir á svæðinu og aðgengi að útivistarsvæði til vesturs þar sem ekki þarf lengur að þvera Breiðumýri.

Færsla Suðurnesvegjar við Höfðabraut tekur sveigju af götunni og er markmiðið að auka umferðaröryggi. Færslan er aðlögun að áformum um að koma fyrir hringtorgi á gatnamótin og undirgöngum fyrir gangandi á aðalstíg. Hringtorg hefur hraðalækkandi áhrif og undirgöng bæta öryggi fyrir gangandi. Suðurnesvegur færir nær endahúsum við Brekkuskóga en áhrif þeirrar færslu eru óveruleg, t.a.m. á hljóðvist þar sem húsin eru það langt frá götunni að hljóðvist helst innan viðmiðunarmarka... Færsla Suðurnesvegjar er fyrirsþurnarskyld um umhverfismat framkvæmda en áhrif hennar eru hér metin óveruleg.



Færsla Norðurnesvegjar og Suðurnesvegjar um allt að 20 m út frá gatnamótum við Álftanesvegjar hefur ekki áhrif á umferð eða umferðaröryggi og er ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á náttúruafar, s.s. verndarsvæði, dýr, gróður, jarðveg, loft eða vatn. Samkvæmt athugun sem framkvæmd var af Náttúrufræðistofnun Íslands á gróðurfari og fuglalífi á Álftanesi 2004 sést að færsla vegjarins er að mestu leiti á röskuðu landi og fuglavarp á áhrifasvæðinu óverulegt og allt algengar tegundir á landsvísi og á Álftanesi. Einnig mun hluti af gamla vegstæðinu verða græddur upp og kemur það til mívægis því landi sem fer undir nýja veginn og áhrif af færslunni verða því óveruleg.

Færsla Suðurnesvegjar og Norðurnesvegjar er tilkynningarskyld um umhverfismat framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000.

Það að blönduð byggð íbúðasvæðis og miðsvæðis er stækkuð í átt að Norðurnesveggi getur orðið til þess að hljóðvist verði yfir mörkum á því svæði, sérstaklega í samhengi við gerð nýrrar tengingar við miðsvæðið frá Norðurnesveggi og áhrif þess á aukningu umferðar. Þetta er staðfest í hljóðútreikningum í deiliskipulagi miðsvæðis sem auglýst er til kynningar samhliða breytingartillögu á aðalskipulagi en þar verður landmótun beitt til að verja byggðina fyrir hávaða.

Tillaga er gerð að breyttri legu reiðstígs í nágrenni miðsvæðis. Breytingin hefur það að markmiði að færa umferð ríðandi frá miðsvæðinu og annasömum gatnamótum þar, sem mögulega verða ljósastýrð. Er lagt til að stígurinn liggja þess í stað yfir Suðurnesveg við Brekkuland og þaðan sé tenging suður að stíg sem liggur sunnan byggðarinnar. Þá er gerð tillaga að því að stígurinn tengist reiðstíg austan Álftanesvegjar og þveri Álftanesveg við gatnamót hans við Norðurnesveg og Suðurnesveg.

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að útivistarstígur sem er ætlaður fyrir ríðandi og gangandi þveri Álftanesveg við mörk sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar. Áhrif þess að færa þverunina nær gatnamótunum eru jákvæð vegna umferðaröryggis þar sem umferðarhraði þar er minni og þverun því öruggari. Þá er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir að reiðstígur þveri Norðurnesveg við gatnamót við Suðurnesveg og Álftanesveg en sú þverun fellur nú niður sem hefur jákvæð áhrif.

Nýr aðalstígur frá Breiðumýri að skóla- og íþróttasvæði norðan við íþróttahús eflir göngutengsl við skólasvæðið og eru áhrif þess jákvæð.

Á gildandi skipulagi er gert ráð fyrir gönguleið inn á miðsvæði en útfærsla hans var ekki sýnd. Nú hefur þessi stígur verið útfærður er tengingin sýnd. Nú er þessi gönguleið sýnd og tengist stíg sunnan við skólasvæði. Á sama hátt er gönguleið nú tengd yfir svæði sunnan vegjar þar sem gert var ráð fyrir honum í gildandi skipulagi en útfærslan var ekki sýnd.



Eitt af meginmarkmiðum tillögunnar er að koma á greiðari og betri umferðartengslum við skólasvæðið. Í tillögunni er því settur fram grunnur að umferðartengslum sem verður útfærður nánar í deiliskipulagi. Staðsetning tenginga inn á miðsvæði segir ein og sér ekki til um þá útfærslu.

2.1.2 Tillögur að mótvægisáðgerðum / vöktun

Með tilliti til þess að neikvæð áhrif í sveitarfélaginu eru talin vera lítil sem engin af fyrirhuguðum áðgerðum varðandi samgöngur eru ekki lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir vegna annars en hljóðvistar.

Grípa þarf til mótvægisáðgerða vegna áhrifa umferðar á hljóðvist við Norðurnesveg og skulu þær útfærðar í vinnu við deiliskipulag þar sem niðurstöður hljóðreikninga benda til að hljóðvist haldist ekki innan marka.

2.1.3 Valkostir

Þeir valkostir sem voru til skoðunar voru eftirtaldir:

- Fella niður Breiðumýri á kafla frá Suðurnesvegi að Birkiholti eða halda þeirri tengingu.
- Ný tenging við miðsvæði frá Norðurnesvegi (skólavegur).

Ný tenging við miðsvæði frá Norðurnesvegi er líkleg til að hafa góð áhrif á umferðarkipulag á miðsvæði. Niðurfelling Breiðumýrar hefur kosti (styrkir aðrar leiðir innan miðsvæðis, lokar fyrir beina akstursleið norður-suður) og galla (umferð um aðrar tengingar eykst og aðaltenging færast nær gatnamótum við Suðurnesveg) sem metið er að vegi hvorn annan upp. Var niðurfelling Breiðumýrina á þessum kafla ekki talin leiða til verulegra umhverfisáhrifa.

2.1.4 Niðurstaða mats

Á heildina litið er stefnumörkun í breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sem snýr að **samgöngum** fyrst og fremst talin koma til með að hafa:

- Jákvæð áhrif á umferðaröryggi
- Óveruleg áhrif á umferðarflæði
- Möguleg neikvæð áhrif á hljóðvist en að teknu tilliti til mótvægisáðgerða er tillagan talin hafa óveruleg áhrif á hljóðvist
- Í heild eru umhverfisáhrif markmiða og leiða er varða samgöngur í breytingu á aðalskipulagi 2005-2024 líkleg til að vera jákvæð.

2.2 Heilsa og öryggi.

Fjallað er um áhrif tillögunar á hljóðvist í umfjöllun um samgöngur kafla 2.1.2.

Ástæða er til að fjalla hér um áhrif tillögunnar á umhverfi skólans og öryggi gangandi vegfarenda. Með tilkomu nýs skólavegar þarf umferð frá norðurhluta bæjarins að skólalóð og út í gegnum bæinn um Álftanesveg að keyra framhjá skólalóðinni bæði að vestanverðu og að sunnanverðu í stað þess að fara eingöngu framhjá lóðinni að vestanverðu. Mikilvægt er að þess sé gætt að aksturshraða framhjá skólalóð sé haldið niðri og að aðkomuleiðir bæði fyrir gangandi, hjólandi, akandi og „sleppandi“³ séu gerðar eins öruggar og hægt er. Hefur þessa verið gætt í tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis sem nú er til kynningar.

³ Sleppandi er hér notað um þá sem eru að keyra börn í skóla og stoppa því einungis rétt á meðan barni er hleypt út úr bíl.

2.3 Byggð.

Hluti af breytingartillögu nú er að breyta afmörkun byggðasvæða. Þær tillögur hafa óveruleg áhrif á byggðamynstur, þéttleika og fyrirkomulag byggðar. Þá eru áhrif á núverandi byggð óverulegar af breytingum á hljóðvist, þar með talið á byggðina syðst í Suðurtúni norðan við nefndan skólaveg og á byggð næst gatnamótum Suðurnesvegur við Höfðabraut.

2.4 Neysluvatn/grunnvatn.

Tillagan felur ekki í sér neinar breytingar sem hafa áhrif á neysluvatn enda engin vatnsverndarsvæði innan marka sveitarfélagsins. Ekki er talin ástæða til að fjalla um grunnvatn eða áhrif tillögunar á það þar sem þær breytingar sem mögulega geta haft áhrif á grunnvatn (t.d. breytt mörk landnotkunar) víkja einungis lítillega frá því skipulagi sem nú þegar er í gildi.

2.5 Ásýnd svæðisins /landslag og svæði sem njóta verndar.

Á því svæði sem tillaga að breytingu aðalskipulagsins nær yfir er land raskað. Þar eru tún og skurðir og land því ekki ósnortið. Í tillögunni er ekki ráðgert að hreyfa við þeim svæðum sem njóta hverfisverndar eða þjóðminjaverndar en breytingar eru gerðar á stærð landnotkunarreita t.d. miðsvæðis. Í umhverfismati með gildandi aðalskipulagi var óvissa um umfang og áþreifanleika breytinga á miðsvæði á landslag og ásýnd sveitarfélagsins með aukinni byggð. Nú er til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis⁴ sem eyðir þessari óvissu. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttari byggð á miðsvæði en annars staðar í sveitarfélaginu, auk uppbyggingar á þjónustu.

Við skilgreiningu á starfsemi og tilhögun byggðar á miðsvæði hafa þróunarmöguleikar svæðisins verið metnir. Forsendur framtíðarstarfsemi á miðsvæðinu tengjast aðallega i) markmiði um uppbyggingu atvinnulífs á Álftanesi og ii) markmiði um þéttingu byggðar í sveitarfélaginu.

Mismunandi lausnir sem voru til umræðu tengdust annars vegar hreinu verslunar- og þjónustusvæði og hins vegar blandaðri byggð eins og aðalskipulagsbreytingin sýnir. Áhersla var lögð á að miðsvæðinu væri ekki ætlað að vera í samkeppni við þjónustukjarna nágrannasveitarfélaganna. Uppbygging svæðisins miðast frekar við sérstöðu Álftaness og er leitast við að atvinnulíf þar falli vel að ímynd sveitarfélagsins sem friðsælt umhverfi í nánd við höfuðborgina.

Niðurstaða skoðunarinnar er sú að ásýnd sveitarfélagsins muni breytast töluvert með uppbyggingu miðsvæðisins en haldist þó innan þeirra marka sem stefna sveitarfélagsins um sveit í borg gefur.

⁴ Deiliskipulag miðsvæðis Álftanese, tillaga Gassa arkitekter dags. xx.xx.2007.

3 Samræmi breytingarinnar við framtíðarsýn og meginmarkmið nágildandi aðalskipulags

Leiðarljós í aðalskipulagi Álftanes 2005-2024 eru eftirfarandi:

Sveit í borg

Fagurt mannlíf og samfélag í heilbrigðu, náttúrulegu umhverfi

Öflug menntun – aukin menning og atvinna – góð lífsskilyrði íbúa

Samtvinna gæði borgar og sveitarlífs.

Þau markmið sem sett eru fram í gildandi aðalskipulagi Álftanes eru eftirfarandi:

Sveitarfélagið Álftanes hyggst vera í fararbroddi meðal sveitarfélaga í umhverfisstarfi sem vistvænt sveitarfélag, þar sem náttúruvernd og heilnæm samskipti manns og náttúru verði í fyrirrúmi. Stefnt er að því að lífsgæði á Álftanesi aukist með aukinni umhverfisvitund íbúa.

Leitast verður við að vernda ósnortna náttúru og menningarsögulegar minjar og varðveita þar með auðlegð sveitarfélagsins og sóknarfæri henni tengd.

Sjálfbær þróun í anda Staðardagskrár 21 verði höfð að leiðarljósi í rekstri, þróun og uppbyggingu á Álftanesi.

Auka fjölbreytni framboðs fyrir útivist og íþróttir í náttúrulegu og öruggu umhverfi í nálægð byggðarinnar.

Lífsskilyrði á Álftanesi bjóði upp á að íbúar lifi í nánnum tengslum við og taki ábyrgð á umhverfinu.

Varðveita sérstöðu Álftaness sem „sveit í borg“.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Álftanes er í samræmi við meginmarkmið og framtíðarsýn gildandi aðskipulags.

4 Samræmi breytingarinnar við umhverfisstefnu sveitarfélagsins, stefnu þess um sjálfbæra þróun og Staðardagskrá 21 og önnur umhverfismarkmiðum/vottun sem stefnt er að

Á vef sveitarfélagsins Álftaness er hægt að nálgast umhverfisstefnu sveitarfélagsins, stefnu þess um sjálfbæra þróun og Staðardagskrá 21⁵. Gerð er grein fyrir þeim viðmiðum Green Globe umhverfismerkisins sem sveitarfélagið Álftanes hefur náð, í hverju markmið sveitarfélagsins um að fá fullnaðarvottun Green Globe felast og ítrustu kröfum Green Globe um góða frammistöðu í umhverfismálum í kafla 4.1.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Álftaness er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í ofangreindum stefnuskjölum.

4.1 Green Globe umhverfismerkið.

Sveitarfélagið Álftanes hefur náð viðmiðum Green Globe 21 umhverfismerkisins⁶ og er því eitt 9 samfélaga í heiminum sem staðist hafa viðmið samtakanna. Þar með hefur Álftanes staðist grunnkröfur samtakanna þar sem miðað er við eftirfarandi lágmark fyrir íslensk samfélög⁷:

- Sjálfbærnistefna sé til staðar
- Orkunotkun að hámarki um 375 GJ/mannár
- Úrgangur til urðunar að hámarki 800 kg/mannár
- Vatnsnotkun að hámarki um 1.200 tonn/mannár
- Losun kolvísýrings að hámarki um 8,7 tonn/mannár
- Loftgæði – NO_x að hámarki 0,93 kg/ha
- Loftgæði – Svifryk (PM10) að hámarki 0,1 kg/ha
- Loftgæði – SO₂ að hámarki 0,9 kg/ha
- Vatnsgæði: Minnst 80% sýna standist heilbrigðiskröfur
- Friðuð svæði að lágmarki 10% af heildarflatarmáli
- Græn svæði að lágmarki 15% af heildarflatarmáli
- Ferðaþjónustufyrirtæki: Að lágmarki 5% fyrirtækja með umhverfisvottun
- Vatnssparnaður: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 50/100
- Pappírsvörur: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 50/100
- Endurvinnsla úrgangs: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 50/100
- Hreinsiefni: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 50/100
- Varnarefni: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 50/100

Stefnt er að því að fá fullnaðarvottun Green Globe en slík vottun byggir á óháðri úttekt þriðja aðila sem staðfestir að bæjarfélagið hafi náð að uppfylla ítrustu kröfur Green Globe um góða frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum. Til að fá fullnaðarvottun þarf eftirfarandi:

- Sýna árlega fram á að frammistaða í nær öllum mælanlegum þáttum sé yfir lágmarksárangri
- Samþykkja framkvæmdaáætlun um bætta frammistöðu í mælanlegum þáttum o.fl.

⁵ <http://www.alftaness.is/umhverfi-og-skipulag/umhverfismal/>

⁶ <http://www.alftaness.is/umhverfi-og-skipulag/umhverfismal/>

⁷ Upplýsingar frá Stefáni Gíslasyni starfsmanni staðardagskráskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga um Green Globe

- Byrja að fylgja framkvæmdaáætlun eftir og sýna fram á stöðugar úrbætur
- Fara yfir samráðs- og kynningarmál
- Ganga frá laga- og reglugerðarlista
- Semja verklagsreglur
- Semja eða fara yfir neyðaráætlanir
- Ljúka við gerð umhverfisstjórnunarmöppu

Loks hefur góð frammistaða í umhverfis- og samfélagsmálum (Best Practice Level verið skilgreind sem hér segir fyrir íslensk samfélög:

- Sjálfbærnistefna sé til staðar
- Orkunotkun 266 GJ/mannár
- Úrgangur til urðunar 570 kg/mannár
- Vatnsnotkun 840 tonn/mannár
- Losun koltvísýrings 6,0 tonn/mannár
- Loftgæði – NOx 0,62 kg/ha
- Loftgæði – Svifryk (PM10) 0,07 kg/ha
- Loftgæði – SO2 0,63 kg/ha
- Vatnsgæði: 100% sýna standist heilbrigðiskröfur
- Friðuð svæði 15% af heildarflatarmáli
- Græn svæði 20% af heildarflatarmáli
- Ferðaþjónustufyrirtæki: 6,5% fyrirtækja með umhverfissvottun
- Vatnssparnaður: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 75/100
- Pappírsvörur: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 75/100
- Endurvinnsla úrgangs: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 75/100
- Hreinsiefni: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 75/100
- Varnarefni: Lágmarkseinkun skv. gátlista = 75/100

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Álftanes er í samræmi við meginmarkmið og framtíðarsýn skipulagsins.

5 Kynning umhverfisskýrslu

Kynning og auglýsing umhverfisskýrslu fylgir sama formlega kynningar- og auglýsingarferli og tilaga að breytingu á aðalskipulagi. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi 2. nóvember ásamt umhverfisskýrslu veður kynnt umsagnaraðilum og almenningi og auglýst með formlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi verður gefinn sex vikna frestur til að kynna sér breytingartillöguna og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum við tillöguna og umhverfisskýrsluna, áður en breyting á aðalskipulagi verður endanlega afgreidd og staðfest.

6 Heildarniðurstaða

Umhverfisáhrif tillögu að breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2004-2025 eru bæði jákvæð og neikvæð.

Helstu líkleg neikvæð áhrif aðgerða í skipulagsáætluninni eru vegna hljóðvistar við Norðurnesveg. Til að koma til móts við þessi mögulegu áhrif skal grípa til mótvægisáðgerða í vinnu við deiliskipulag ef niðurstöður hljóðreikninga benda til að hljóðvist haldist ekki innan marka. Umfang áhrifa er því háð tilhögun byggðar á miðsvæði í nágrenni Norðurnesvegar og mögulegra hljóðvarna þar.

Neikvæð áhrif á aðra þætti greindust ekki í umhverfismatinu. Fjöldi jákvæðra áhrifa hafa verið skilgreind í matsvinnunni og þá sérstaklega á umferðaröryggi.

Í heildarniðurstöðu matsvinnu vegur þyngst fjöldi líklegra jákvæðra umhverfisáhrifa og að stefnt er að mótvægisáðgerðum til þess að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum á hljóðvist. Það er því niðurstaða matsvinnu við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 sé ekki líkleg til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum samanber lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.